

**AÐALFUNDUR HB GRANDA HF. 21.03.2014
SKÝRSLA FORMANNS STJÓRNAR,
KRISTJÁNS LOFTSSONAR**

FUNDARSTJÓRI, GÓÐIR FUNDARMENN

STARFSEMI FÉLAGSINS VAR MEÐ SAMAN SNIÐI ÁRIÐ 2013 OG ÁRIN ÞAR Á UNÐAN. TEKJURNAR, 195 MILLJÓNIR EVRA, VORU 1,2% LÆGRI EN 2012. EBITDA FÉLAGSINS VAR 45 MILLJÓNIR EVRA EÐA 23,5% LÆGRI EN ÁRIÐ 2012.

HREINN HAGNAÐUR FÉLAGSINS VAR 35 MILLJÓNIR EVRA, SEM ER TÖLUVERT HÆRRA EN ÁRIÐ 2012, EN ÞÁ VORU FÆRÐAR 21 MILLJÓN EVRA TIL LÆKKUNAR Á VIRÐI KEYPTRA HEIMILDA Í BOTNFISKI FÉLAGSINS AÐ UNÐANGENGNU VIRÐISRÝRNUNARPRÓFI VEGNA SAMÞYKKTRA LAGA UM VEIÐIGJÖLD. BAKFÆRÐ VIRÐISRÝRNUN ÁRSINS AÐ FRÁDREGINNIR VIRÐISRÝRNUN REKSTRARFJÁRMUNA ER 8,7 MILLJÓN EVRA. HELSTA BREYTINGIN FRÁ 2012 ER AUKNING Í AFLAHEIMILDUM OG HAGRÆÐING Í REKSTRI.

DÓTTUR- OG HLUTDEILDARFÉLÖG.

MIG LANGAR AÐ FARA NOKKRUM ORÐUM UM DÓTTUR- OG HLUTDEILDARFÉLÖG OKKAR EN ÞAR HAFU VISSULEGA SKIPST Á SKIN OG SKÚRIR Í GEGNUM TÍÐINA:

HB GRANDI Á, SEM KUNNUGT ER 65% HLUT Í DÓTTURFÉLAGI OKKAR, STOFNFISKI.

FÉLAGIÐ HEFUR ÞÁ SÉRSTÖÐU AÐ GETA SELT LAXAHROGN TIL TVEGGJA STÆRSTU LANDANNA Í LAXELDI, NOREGS OG CHILE. AUK ÞESSA HEFUR FÉLAGIÐ SELT HROGN INNANLANDS OG TIL FÆREYJA.

SÉRSTAÐA STOFNFISKS ER SÚ AÐ STARFSFÓLK FÉLAGSINS HEFUR NÁÐ ÞEIRRI SÉRSTÖÐU, AÐ NÁ FRAM HRYGNINGU HVENÆR ÁRSINS SEM ER OG GETUR FÉLAGIÐ ÞVÍ AFHENT HROGN Í VIKU HVERRI.

STOFNFISKUR ER EINA FÉLAGIÐ Í HEIMINUM, SEM HEFUR NÁÐ ÞESSUM ÁRANGRI.

TEKJUR STOFNFISKS NÁMU 7,5 MILLJÓN EVRA. TAP VARÐ Á REKSTRINUM AÐ FJÁRHÆÐ 600 ÞÚSUND EVRUR Á SÍÐASTA ÁRI.

FISKELDI OG ALLT SEM ÞVÍ VIÐKEMUR ER ÁHÆTTUSAMUR REKSTUR EN REKSTURINN VIRÐIST Í JAFNVÆGI HJÁ STOFNFISKI OG HORFUR JÁKVÆÐAR.

ÁRIÐ 2013 REYNDIST HLUTDEILDARFÉLAGI OKKAR, DERIS, Í CHILE, MUN HAGSTÆÐARA EN 2012. ÁHRIF 20% HLUTAR OKKAR SEM BÓKFÆRÐUR ER Á 16,1 MILLJÓNIR EVRA Í ÁRSLOK VORU JÁKVÆÐ UM 700 ÞÚSUND EVRUR, EN VORU NEIKVÆÐ UM 4,5 MILLJÓNIR EVRA ÁRIÐ 2012.

FÉLAGIÐ GERIR ÚT FRYSTITOGARA OG ÍSFISKTOGARA AUK REKSTRAR TVEGGJA FISKIÐJUVERA. EINNIG REKUR FÉLAGIÐ FISKELDISSTÖÐVAR FYRIR LAX. REKSTURINN HEFUR BATNAÐ Á SÍÐASTA ÁRI, EINS OG ÞESSAR TÖLUR SÝNA, EN ÝMSAR BLIKUR ERU Á LOFTI. KVÓTANIÐURSKURÐUR Í ÁR MUN KALLA Á NAUÐSYNLEGAR HAGRÆÐINGARAÐGERÐIR HJÁ FÉLAGINU.

Á ÁRINU SAMEINADIST LAUGAFISKUR EHF, SEM ER STAÐSETTUR Á AKRANESI, HB GRANDA HF. LAUGAFISKUR ER GAMALGRÓIÐ FYRIRTÆKI Á SVIÐI ÞURRKUNAR Á FISKAFURÐUM, AÐALLEGA FYRIR NÍGERÍUMARKAÐ.

Á HLUTHAFAFUNDI Í HB GRANDA HF. VORU STAÐFEST KAUP FÉLAGSINS Á ÖLLU HLUTAFÉ Í VIGNI G. JÓNSSYNI EHF., OG ER VIGNIR G. JÓNSSON EHF. HLUTI AF SAMSTÆÐU HB GRANDA HF FRÁ 12.11.2013.

VIGNIR G. JÓNSSON EHF. ER GAMALGRÓIÐ FYRIRTÆKI Á AKRANESI, ER SÉRHÆFT HEFUR SIG Í FRAMLEIÐSLU ÝMISSA AFURÐA ÚR HROGNUM T.D. GRÁSLEPPU- OG LOÐNUHROGNUM

GAGNGJALD FYRIR LAUGAFISK EHF OG VIGNIR G. JÓNSSON EHF VORU HLUTABRÉF Í HB GRANDA, EN HLUTAFÉ FÉLAGSINS VAR AUKIÐ SEM ÞESSU NAM Á HLUTHAFAFUNDI 12.11.2013.

AUK ÞEGAR NEFNDRA FÉLAGA Á HB GRANDI 24% HLUT Í NORÐANFISKI EHF. SEM FRAMLEIÐIR FISKAFURÐIR FYRIR NEYTENDA- OG STÓRELDHÚSAMARKAÐ INNANLANDS OG UTAN.

ÁHRIF HLUTDEILDARFÉLAGA OKKAR, VORU JÁKVÆÐ UM 770 ÞÚSUND EVRUR ÁRIÐ 2013 EN NEIKVÆÐ UM 4,5 MILLJÓNIR EVRA ÁRIÐ 2012.

VEIÐIGJÖLD.

ÉG SAGÐI EFTIRFARANDI Á AÐALFUNDINUM Í FYRRA.

„ÚTGERÐIN HEFUR LÝST ÞVÍ YFIR AÐ HÚN SÉ TILBÚIN TIL AÐ GREIÐA HÓFLEGT GJALD, SEM KALLA MÁ AUÐLINDARENTU. HVERNIG ÞÁ AUÐLINDARENTU SKULI REIKNA ÚT GETUR AUÐVITAÐ VERIÐ Á MARGA VEGU.

LEYFI ÉG MÉR AÐ LEGGJA TIL AÐ AUÐLINDARENTA VERÐI GREIDD AF LÖNDUÐUM AFLA, ENDA UPPLÝSINGAR ÞAR UM AUÐSÓTTAR HJÁ FISKISTOFU.

SETT VERÐI Á FÓT NEFND VALINKUNNRA MANNA ER REIKNI ÚT GJALD FYRIR HVERJA FISKITEGUND FYRIR SIG, SEM ENDURSKOÐA MEGI T.D. ÞRISVAR Á ÁRI EFTIR ÞVÍ HVORT VERULEGAR BREYTINGAR HAFI ORÐIÐ Á VERÐI HVERRAR TEGUNDAR Á MÖRKUÐUM. VIÐ ÁKVÖRÐUN AUÐLINDARENTUNNAR Á HINAR ÝMSU FISKITEGUNDIR VÆRI TEKIÐ TILLIT TIL KOSTNAÐAR VIÐ AÐ SÆKJA ÞÆR, EN SÁ KOSTNAÐUR GETUR VERIÐ MJÖG MISMUNANDI, ÞANNIG AÐ ÞORSKÍGILDISSTUÐLAR DUGA EKKI VIÐ ÞANNIG ÚTREIKNINGA.

ÉG SÉ FYRIR MÉR ÞANNIG ÚTFÆRSLU, SEM MJÖG GEGNSÆJA OG EINFALDA, ÞANNIG AÐ FLESTIR MYNDU SKILJA HVERNIG AUÐLINDARENTAN VÆRI ÁKVEÐIN.

LEYFI ÉG MÉR AÐ STINGA UPP Á ÞESSU HÉR, ÞAR SEM NÚVERANDI AUÐLINDAGJALDS ÚTREIKNINGAR ERU GJÖRSAMLEGA ÓÁSÆTTANLEGIR OG VERÐUR AÐ AFNEMA““““
ÞETTA SAGÐI ÉG Í FYRRA.

AÐ STÖRFUM ER VEIÐIGJALDANEFND, SEM ER AÐ VINNA Í ÞESSUM MÁLUM. VONA ÉG AÐ NEFNDIN LEGGI TIL ÚTFÆRSLU AUÐLINDARENTU ÚTREIKNINGA EITTHVAÐ Í ÞEIM DÚR, ER ÉG HEF REIFAÐ HÉR.

VEIÐIGJÖLD, TEKJUSKATTUR OG TRYGGINGAGJALD.

Á ÁRINU 2013 INNHEIMTI FISKISTOFA VEIÐIGJÖLD (AUÐLINDARENTU) 9,7 MILLJARÐA ÍSL. KRÓNA. AF ÞEIRRI UPPHÆÐ GREIDDI HB GRANDI HF.UM 1,8 MILLJARÐA ÍSL. KRÓNA EÐA UM 19%.

SKATTMANN ER EKKI ALVEG HÆTTUR HÉR.

ÞESSU TIL VIÐBÓTAR GREIDDI FÉLAGIÐ OPINBER GJÖLD Í FORMI TEKJUSKATTS OG TRYGGINGAGJALDS RÚMA 2 MILLJARÐA ÍSL. KRÓNA.

SAMTALS LEGGJA ÞESSI GJÖLD SIG Á UM 4 MILLJARÐA ÍSL. KRÓNA.

EF VIÐ SKOÐUM ÞESSAR UPPHÆÐIR AÐEINS NÁANAR OG FINNUM OKKUR EINHVERJA TIL AÐ BERA OKKUR SAMAN VIÐ, SEM SKATTMANN ER AÐ BERJA Á, ÞÁ KEMUR Í LJÓS AÐ HB GRANDI ER 8. HÆSTI GJALDANDI TEKJUSKATTS OG TRYGGINGAGJALDS Á LANDINU.

EF VIÐ LEGGJUM VEIÐIGJÖLDIN VIÐ TEKJUSKATTINN OG TRYGGINGAGJALDIÐ, SEM ER EINS OG ÁÐUR SAGÐI UM 4 MILLJARÐAR ÍSL. KRÓNUR, ÞÁ ERU TVEIR GREIÐENDUR, SEM SLÁ HB GRANDA HF. ÚT MEÐ HÆRRI GREIÐSLUM TIL RÍKISSJÓÐS ÍSLANDS Þ.E. RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS SJÁLFUR OG ARION BANKI HF.

ÞAÐ SEM KEMUR VERULEGA Á ÓVART VIÐ ÞESSI VEIÐIGJÖLD, ER AÐ ALFARIÐ ER NEITAÐ UM AÐ BIRTA HVAÐ HVER KVÓTAHAFI GREIÐIR Í VEIÐIGJÖLD.

ÝMSAR HEIMILDIR ERU TIL STAÐAR, SEM HEIMILA LÆKKUN EÐA NIÐURFELLINGU VEIÐIGJALDA.

EN SPURNINGIN ER: HVAÐ ER ÞESSI SKATTUR ÖÐRUVÍSI EN AÐRIR SKATTAR, SEM BIRTIR ERU ÁRLEGA Í SKATTSKRÁ?

KVÓTAÞAK EINSTAKRA ÚTGERÐA.

ÉG SAGÐI EFTIRFARANDI Á AÐLAFUNDINUM Í FYRRA:

„UPPLÝSINGAR FRÁ FISKISTOFU Í BYRJUN ÁRSINS (2013) UM AÐ HB GRANDI HEFÐI FARIÐ YFIR LEYFILEG MÖRK HEILDARAFLAHLUTDEILDAR, VÖKTU NOKKRA ATHYGLI.

SAMKVÆMT LÖGUM UM STJÓRN FISKVEIÐA MÁ HEILDARAFLAHLUTDEILD FISKISKIPA Í EIGU EINSTAKRA EÐA TENGDRA AÐILA EKKI FARA YFIR 12% AF HEILDARVERÐMÆTI AFLAHLUTDEILDA ALLRA TEGUNDA.

ÁRIÐ 2006, EFTIR AÐ FÉLAGIÐ VARÐ TIL Í NÚVERANDI MYND, VAR HLOTDEILD FÉLAGSINS 10,6%. SÍÐAN HAFNA ENGAR BREYTINGAR ORÐIÐ Á AFLAHLUTDEILD ÞESS, VIÐ HÖFUM HVORKI KEYPT NÉ SELT AFLAHLUTDEILD.

FISKISTOFA LEIÐRÉTTI REYNDAR ÚTREIKNINGA SÍNA OG REYNDIST HLOTDEILD OKKAR 11,95%, 23. JANÚAR 2013.

ÝMIS DÆMI ER HÆGT AÐ NEFNA, SEM SÝNA AÐ VIÐ ÓBREYTTAR REGLUR VERÐUR ILLA UNAÐ.

VERÐI T.D. SÚ BREYTING EIN AÐ VERÐ Á KARFA HÆKKI UM 10% FER HLOTDEILD OKKAR Í 12,16%.

VERÐI HINS VEGAR VERÐ ÓBREYTT OG SÚ BREYTING EIN AÐ AFLAMARK Í ÞORSKI VERÐI AUKIÐ UM 30.000 TONN MUN HLOTDEILD OKKAR LÆKKA Í 11,48%.

ÝMISLEGT ANNAÐ MÁ TELJA EINS OG ÞAÐ AÐ AUKIN LANDVINNSLA ÞORSKS Á KOSTNAÐ SJÓFRYSTINGAR LÆKKAR VERÐMÆTI HANS Í AFLAHLUTDEILD ÞRÁTT FYRIR AÐ ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI AUKIST. ÞAÐ ER VEGNA ÞESS AÐ MEÐALVERÐ LANDAÐS ÞORSKS LÆKKAR OG ÞAR MEÐ VERÐ HANS Í ÞORSKÍGILDUM.

AUKIST HLOTFALL SJÓFRYSTINGAR Á KARFA MUN ÞAÐ HÆKKA ÞORSKÍGILDISSTUÐUL KARFA BURTSÉÐ FRÁ ÖÐRUM BREYTINGUM.

ÞVÍ FER FJARRI AÐ ÞAÐ HAFI VERIÐ EÐA SÉ ÆTLAN FÉLAGSINS AÐ FARA YFIR LEYFILEGA AFLAHLUTDEILD.

EIN LEIÐ TIL AÐ AUÐVELDA BÆÐI EFTIRLIT OG FRAMFYLGNI HÁMARKSHLOTDEILDAR ER AÐ MIÐA HÁMARKIÐ VIÐ ÁKVEÐNA FASTA ÞORSKÍGILDISSTUÐLA, SEM EKKI BREYTTAST VIÐ FLÖKT Á VERÐI EÐA LÖNDUNARMYNSTRI EINSTAKRA TEGUNDA.ÞETTA SAGÐI ÉG Í FYRRA.

ÚTREIKNINGAR HÁMARKSHLOTDEILDAR FYRIR FISKVEIÐIÁRIÐ 01.09.2013 TIL 31.08.2014.

NÚ HEFUR ÞAÐ GERST Á MIÐJU FISKVEIÐIÁRI AÐ VEGNA VERÐLÆKKUNAR Á ÞORSKI Á TÍMABILINU 01.05.2012 TIL 30.04.2013, EN ÞETTA TÍMABIL ER NOTAÐ TIL AÐ REIKNNA ÚT STUÐLA FYRIR NÆSTA FISKVEIÐIÁR HEFUR ÞAU ÁHRIF AÐ HÁMARKSHLOTDEILD HB GRANDA FER ÚR 11,95% Í 12,3%, SEM GILDIR FYRIR FISKVEIÐIÁRIÐ 2013/2014.

FÉLAGIÐ HEFUR 6 MÁNUÐI TIL AÐ AÐLAGA HÁMARKSHLOTDEILDINA.

ÞETTA SEGIR Á MANNAMÁLI AÐ HB GRANDI VERÐUR AÐ LOSA SIG VIÐ VEIÐIHEIMILDIR SVO FARIÐ SÉ UNDIR 12% MARKIÐ.

NÆST ÞEGAR ÞETTA VERÐUR REIKNNAÐ ÚT Þ.E. FYRIR FISKVEIÐIÁRIÐ 2014/2015 STEFNIR ALLT Í AÐ TIL ENGRA BREYTINGA ÞURFI AÐ KOMA Á

HÁMARKSAFLAHLUTDEILD HB GRANDA VEGNA ÞESS AÐ ÞORSKVERÐ HEFUR HÆKKAÐ AFTUR OG LÍKLEGT ER AÐ AUKIN ÚTHLUTUN VERÐI Í ÞORSKI.

SÝNIR ÞETTA FÁRÁNLEIKA ÞESSARAR NÁLGUNAR OG VERÐA STJÓRNVÖLD AÐ LAGA ÞETTA SVO SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI GETI HAFT FESTU Í SÍNUM REKSTRI.

NÝSMÍÐI.

FÉLAGIÐ HEFUR GERT SAMNING VIÐ CELIKTRANS DENIS INSAAT LTD., SEM ER SKIPASMÍÐASTÖÐ Í TYRKLANDI, UM SMÍÐI TVEGGJA UPPSJÁVARSKIPA.

ÁÆTLAÐUR AFHENDINGARTÍMI FYRRA SKIPS ER Í FEBRÚAR 2015 OG ÞVÍ SEINNA Í OKTÓBER 2015. ERU ÞETTA SYSTURSKIP.

FÉLAGIÐ HEFUR NÝLEGA GERT SAMKOMULAG VIÐ SÖMU SKIPASMÍÐASTÖÐ UM FULLHÖNNUN OG LÍKANASMÍÐI AF ÍSFISKTOGARA, TIL SKOÐUNAR Í TANKI. ÞESSU VERKI VERÐUR VÆNTANLEGA LOKIÐ Í JÚNÍ 2014.

Í FRAMHALDINU VERÐUR TEKIN ÁKVÖRÐUN UM SMÍÐI ÞRIGGJA ÍSFISKTOGARA. AFHENDING FYRSTA TOGARANS GÆTI ÞÁ VERIÐ UM MITT ÁR 2016, EF AF VERÐUR.

Í ÁRSLOK 2013 VAR GENGI HLUTABRÉFA FÉLAGSINS 22. LOKAGENGI ÁRSINS 2012 VAR 15. GENGIÐ HÆKKAÐI ÞVÍ UM RÚM 47% Á ÁRINU. MIKIL DEIFÐ VAR YFIR VIÐSKIPTUM MEÐ BRÉF FÉLAGSINS Á ÁRINU 2013.

20 VIÐSKIPTI VORU SKRÁÐ Í KAUPHÖLL, SAMTALS AÐ FJÁRHÆÐ KR. 48.500.000.

SKRÁNING Á AÐALLISTA KAUPHALLARINNAR.

Á STJÓRNARFUNDI 12.11.2013 SAMÞYKKTU STJÓRNIN SAMKOMULAG VIÐ ARION BANKA HF. UM UNDIRBÚNING AÐ SKRÁNINGU HB GRANDA HF. Á AÐALMARKAÐ NASDAQ OMX ICELAND HF. SÉR FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF ARION BANKA HF. UM SKRÁNINGUNA.

VIÐSKIPTI MEÐ HLUTI Í HB GRANDA ERU Í DAG EINS OG ALLIR VITA Á FIRST NORTH MARKAÐSTORGI NASDAQ OMX ICELAND HF.

STEFNT ER AÐ ÞVÍ AÐ ALMENNT ÚTBOÐ FARI FRAM Í VIKU 15 (7.-11. APRÍL 2014)

NASDAQ OMX ICELAND HF. MUN VONANDI SAMÞYKKJA AÐ TAKA HLUTI TIL VIÐSKIPTA Í VIKU 17 (22.-25. APRÍL 2014).

UPPGJÖR OG AFHENDING BRÉFA FER SÍÐAN FRAM Í VIKU 17 – 18 (22. APRÍL TIL 2. MAÍ 2014).

FYRSTI VIÐSKIPTADAGUR ER SÍÐAN ÁÆTLAÐUR Í VIKU 19 (5 – 9 MAÍ 2014).

VONANDI VERÐUR ÞESSI ÁKVÖRÐUN STJÓRNARINNAR HLUTHÖFUM TIL HAGSBÓTA OG VONANDI MUN ÞESSI SKRÁNING EINNIG VERÐA TIL ÞESS AÐ HB GRANDI HF. KOMIST Í DREIFÐARA EIGNARHALD, EN ER Í DAG.

STJÓRNIN HEFUR Í HYGGJU AÐ SEMJA VIÐ ARION BANKA HF. MEÐ SKAMMTÍMASAMNINGI UM VIÐSKIPTAVAKT MEÐ HLUTI Í FÉLAGINU, MEÐ ÞVÍ AÐ STANDA DAGLEGA AÐ LÁGMARKSFJÁRHÆÐ KAUP- OG SÖLUTILBOÐA Á EIGNARHLUTUM Í FÉLAGINU, SEM GILDIR TIL HAUSTS.

SAMHLIÐA MUNUM VIÐ KYNNA OKKUR AÐRA VALKOSTI OG SEMJA VIÐ EINN EÐA FLEIRI VIÐSKIPTAVAKA Í FRAMHALDI AF ÞEIRRI SKOÐUN.

KYNNI ÉG NÚ ÞÆR TILLÖGUR, SEM STJÓRNIN LEGGUR FYRIR FUNDINN.

LÖGÐ ER FRAM TILLAGA UM, AÐ ÚTHLUTAÐ VERÐI ARÐI SEM ER 1,50 KR. AF HVERJUM HLUT ÚTISTANDI HLUTAFJÁR. ÞESSI ARÐUR GERIR UM 47% AF HAGNAÐI ÁRSINS

ÞESSI ARÐGREIÐSLA ÞOKAR OKKUR FRAM VEGINN MEÐ ÞÁ STEFNU AÐ UPPSAFNAÐUR ARÐUR SKYLDI HVERJU SINNI VERA, SEM NÆST HELMINGI AF SAMANLÖGÐUM HAGNAÐI LIÐINNA ÁRA, EN SÍÐASTLIÐIN 25 ÁR ER ÞETTA 31,8% REIKNAÐ Á VERÐLAGI Í MARS 2014.

ÞAÐ VERÐUR SVO LÖGÐ FRAM TILLAGA UM HEIMILD STJÓRNAR TIL KAUPA Á EIGIN HLUTUM. SVIPUÐ TILLAGA HEFUR VERIÐ SAMÞYKKT ÁRLEGA NOKKUR UNDFARIN ÁR.

EINNIG ERU LAGÐAR FRAM:

TILLAGA FÉLAGSSTJÓRNAR AÐ NÝJUM SAMÞYKKTUM.

TILLAGA FÉLAGSSTJÓRNAR AÐ STARFSKJARASTEFNU.

AÐ LOKUM, VIL ÉG FYRIR HÖND STJÓRNARINNAR FÆRA ÖLLUM STARFSMÖNNUM FÉLAGSINS KÆRAR ÞAKKIR FYRIR VEL UNNIN STÖRF.